



## EFNISTAKA Í STAPAFELLI- FRAMKVÆMDALEYFI

Framkvæmdalýsing

02.08.2017



## EFNISYFIRLIT


1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Skipulagsáætlanir	5
2.1.1	Svæðisskipulag	5
2.1.2	Aðalskipulag	5
2.1.3	Deiliskipulag	6
2.2	Landeigendur	6
2.3	Aðrir leyfisveitendur	6
3	STAÐHÆTTIR	6
4	UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA	7
4.1	Mannaflí, tækjakostur og vinnubúðir	7
4.2	Vinnsluáætlun	8
4.3	Umferð	9
4.4	Frágangur námusvæðis	9
5	SAMANTEKT Á HELSTU ATRIÐUM ÚR ÁLITI SKIPULAGSSTOFNUNAR	12
6	MÓTVÆGISAÐGERÐIR OG SKILYRÐI	12
7	FYLGIGÖGN	13

Mynd 1	Efnistökusvæðið í Stapafelli _____	4
Mynd 2	Helstu staðhættir í námunda við Stapafell _____	7
Mynd 3	Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu fyrir aðstöðu starfsmanna. _____	8
Mynd 4	Yfirlitsmynd af námusvæðinu og staðsetning þversniða _____	10
Mynd 5	Þversnið A0-A1 - Sniðið sýnir yfirborð Stapafellsnámu eins og það er núna, að efnistöku lokinni og eftir frágang. _____	11
Mynd 6	Þversnið B0-B1 –Sniðið sýnir yfirborð Stapafellsnámu eins og það er núna, að efnistöku lokinni og eftir frágang. _____	11
Mynd 7	Þversnið C0-C1 – Sniðið sýnir yfirborð Stapafellsnámu eins og það er núna, að efnistöku lokinni og eftir frágang. _____	11

## 1 INNGANGUR

Sótt er um framkvæmdaleyfi til efnistöku, en Ístak hyggst halda áfram núverandi efnisvinnslu í Stapafellsnámu. Staðsetningu námunnar, sem er á miðjum Reykjanesskaga á milli Reykjanesbæjar og Grindavíkur, má sjá á mynd 2. Tveir rekstraraðilar eru í Stapafellsnámu, Íslenskir aðalverktakar og Ístak. Til umfjöllunar hér er sá hluti námunnar sem varðar Ístak. Gert er ráð fyrir að tekið verði um 1,7 milljónir m<sup>3</sup> af óhreyfðu bögglabergi. Efni hefur verið unnið úr Stapafelli í áratugi eða frá því um 1950, þegar uppbygging byrjaði á varnarliðssvæðinu.

Tilgangur efnistökkunnar er að afla jarðefnis til vega- og mannvirkjagerðar. Efnið sem unnið er í námunni er bögglaberg, perlumöl og sandur. Samkvæmt svæðisskipulagi Suðurnesja er efnisþörf mikil til framtíðar þar sem áætluð er mikil uppbygging á atvinnuhúsnæði og stækkun íbúðabyggða á Suðurnesjum.



**MYND 1** Efnistökusvæðið í Stapafelli. Svæðið er afmarkað með svörtu brotalínunni. Á bláa svæðinu er perlunáma og gula svæðið er með fast efni. Óvíst er hve stór perlunáman er.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Skipulagsáætlanir

Stapafellsnáma liggur á mörkum tveggja sveitarfélaga, Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar. Efnistökusvæðið sem Ístak er með til umráða er innan marka Grindavíkurbæjar.

Athafnasvæði Ístaks er um 17,4 hektarar að flatarmáli.

#### 2.1.1 Svæðisskipulag

Svæðið er skilgreint sem námusvæði í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024.

Í greinargerð svæðisskipulags Suðurnesja stendur eftirfarandi um efnistöku:

*„Á Suðurnesjum er eitt stórt og nánast samfellt efnistökusvæði, kennt við Stapafell, Súlur og Rauðamel, sem nýtist öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Efnistökusvæðið er staðsett á fjarsvæði og í jaðri grannsvæðis vatnsverndar í Lágum og er að stórum hluta raskað.*

*Efnisnámur eru óendurnýjanleg auðlind og því mikilvægt að nýting sé kostgæfð og horft til framtíðar við skipulag hennar.*

*Efnisþörf á Suðurnesjum er mikil til framtíðar, m.a. vegna áætlana um atvinnuuppbyggingu og stækkun íbúðabyggða. Efnistökusvæðið við Stapafell, Súlur og Rauðamel verður megin efnistökusvæði fyrir sveitarfélög á Suðurnesjum.*

#### **Aðgerðir vegna efnisnáms**

- *Sveitarfélög skulu skilgreina frágang námasvæða í leyfisveitingum til námuhafa. Hafa þarf í huga að þau eru staðsett á eða nærri vatnsverndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá.*
- *Sveitarfélög skulu athuga hvort að hægt verði að nýta frágengin efnistökusvæði til útivistar á einhvern hátt til hagsbóta fyrir íbúa Suðurnesja.“*

#### 2.1.2 Aðalskipulag

Svæðið þar sem námuvinnslan fer fram er skilgreint sem námusvæði í aðalskipulagi Grindavíkur og Reykjanesbæjar. Efnistakan er því í samræmi við gildandi aðalskipulagsáætlanir.

Í aðalskipulagi Grindavíkur segir m.a. um efnistökusvæði:

*„Stapafell og Rauðamelur*

*Stapafellsnáma og Rauðamelur eru afmarkaðar sem eitt efnistökusvæði í aðalskipulagi. Á svæðinu eru tveir rekstraraðilar; Íslenskir Aðalverktakar og Ístak.*

*Í námu Íslenskra Aðalverktaka er gert ráð fyrir því að vinna u.þ.b. 7 milljónir m<sup>3</sup> úr Stapafelli. Stapafellsnáma er bæði í landi Grindavíkur og Reykjanesbæjar og á efnismagnið við námuna í heild sinni innan beggja sveitarfélaga.*

*Ístak gerir ráð fyrir því að vinna u.þ.b. 1-1,3 milljónir m<sup>3</sup> úr efnistökusvæði sínu í Stapafelli. Um framtíðarefnistökuastaði er að ræða og er gert ráð fyrir að þeir verði opnir út skipulagstímabilið.“*

### 2.1.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu.

## 2.2 Landeigendur

Efnistökusvæðið tilheyrir sameigendafélagi Járngerðarstaða og Hópstorfu.

### 2.3 Aðrir leyfisveitendur

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja veitir starfsleyfi vegna starfseminnar og uppsetningar snyrti- og mataraðstöðu fyrir starfsmenn skv. reglugerð nr. 785/1999 um mengunarvarnir.

## 3 STAÐHÆTTIR


Stapafellsnáma er á Reykjanesi og liggur á mörkum tveggja sveitarfélaga, Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar. Efnistökusvæðið tilheyrir sameigendafélagi Járngerðarstaða og Hópstorfu.

Stapafell er móbergsstapi sem stendur á hraunbreiðu á Reykjaneskaganum. Umhverfið einkennist af mosagrónum hraunum og mikilli efnistöku sem staðið hefur yfir í fjallinu og næsta nágrenni í áratugi. Sjá nánar helstu staðhætti á mynd 2.

Aðkoma að námusvæðinu er frá núverandi vegum, þ.e. Grindavíkurvegi (vegur nr. 43) og Hafnarvegi (vegur nr. 44). Náman er í um 6 km fjarlægð frá Hafnarvegi og um 7 km fjarlægð frá Grindavíkurvegi.

Svæðið þar sem námuvinnslan fer fram er skilgreint sem námusvæði í aðalskipulagi Grindavíkur og Reykjanesbæjar. Enn fremur er það skilgreint sem námusvæði í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024.





**MYND 2** Helstu staðhættir í námunda við Stapafell. Efnistökusvæðið er auðkennt með rauðri línu. Heimild: Vegasjá Vegagerðarinnar, nóv. 2016.

## 4 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA

Afmörkun framkvæmdasvæðis, ásamt skiptingu svæðisins eftir námuefnum, má sjá á mynd 1 og einnig á mynd 2. Áhrifsvæði framkvæmdarinnar er svæðið þar sem ætla má að áhrifa af völdum framkvæmdarinnar geti gætt, bæði á framkvæmdatíma og á rekstrartíma.


Gert er ráð fyrir að á næstu árum verði unnið um 1,7 milljónir m<sup>3</sup> af óhreyfðu bögglabergi og um 340.000 m<sup>3</sup> af sandi og möl.

### 4.1 Mannafli, tækjakostur og vinnubúðir

Allt að fjórir starfsmenn verða að störfum við efnisvinnslu, efnislosun og efnisafgreiðslu. Að öllu jöfnu verður í námundi hjólaskófla (25-30 tonn), brjótur og harpa eftir þörfum. Efni sem notuð eru í tækjunum eru vélaolía, smurólía og glussaolía.

Ekki er gert ráð fyrir að geyma olíubirgðir á svæðinu fyrir utan nokkra brúsa af smurolíu og glussa, og mun bíll koma reglulega og sjá um nauðsynleg olíuskipti. Vinnuvélum verður vel viðhaldið til að draga úr líkum á mengunarslysi. Þegar skipta þarf um olíu þá kemur þjónustubíll og sér um þá vinnu. Komið verður upp viðeigandi lekavörnum á svæðinu þar sem olíubíllinn mun sjá um olíuskipti, til að koma í veg fyrir að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verða.

Vinnubúðir með kaffi- og hreinlætisaðstöðu fyrir starfsmenn er á svæðinu. Vinnubúðirnar saman standa af 3-4 gámaeiningum. Hreinlætisaðstaða verður tengd við rotþró sem þegar er á svæðinu. Verið er að koma heimtaug á svæðið sem mun leysa af ljósavél.



**MYND 3** Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu fyrir aðstöðu starfsmanna.

## 4.2 Vinnsluáætlun

Áætlaður vinnslutími námunnar er til ársins 2030, eða þar til áætluðu magni er náð, sem nemur um 1,7 milljónum m<sup>3</sup> af bögglabergi. Næstu tvö árin er áætlað að taka um 300.000 m<sup>3</sup> á ári. Næstu ár þar á eftir er ráðgert að taka um 130.000 m<sup>3</sup> á ári þar til námunni verður lokað. Áætlað er að fara ekki neðar en í hæðarlínu 30, sjá sniðteikningar í kafla 4.4.

Ekki er gert ráð fyrir að sprengja þurfi á svæðinu heldur verður notuð 25-30 tonna hjólaskófla og brjótur og harpa eftir þörfum.

Næstu tvö árin er áætlað að taka um 300.000 m<sup>3</sup> á ári. Næstu ár þar á eftir er ráðgert að taka um 130.000 m<sup>3</sup> á ári þar til námunni verður lokað.



Við gerð vinnslu- og frágangsráttunnar var ritið „Námur- efnistaka og frágangur“ ([www.namur.is](http://www.namur.is)) og 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem fjallar um framkvæmdaleyfi, höfð til hliðsjónar.

### 4.3 Umferð

Aðkoma að námunni er frá Hafnarvegi (vegur nr. 44). Hann er sameiginlegur með Íslenskum aðalverktökum.


Áætlað er að umferð vörubíla vegna efnistöku Ístaks verði um 30-35 bílar á dag til og frá svæðinu á meðan á efnistöku stendur.

### 4.4 Frágangur námusvæðis


Ráðist verður í frágang þegar efnistöku lýkur. Nánasta umhverfi við námusvæðið er mikið raskað og lítið sem ekkert er um yfirborðsgróður. Í næsta nágrenni er svæðið vaxið mosa og lágvöxnum gróðri. Aðlaga skal svæðið að núverandi landi og ganga frá yfirborði í samræmi við umhverfið í kring. Á svæðinu er að finna laust yfirborðsefni sem nota skal við frágang að svo miklu leyti sem hægt er. Forðast skal að hafa skarpar línur við frágang. Svæðið í kringum Stapafell er fremur ójafnt, því er ekki nauðsynlegt að jafna svæðið við frágang.

Til að flýta fyrir landnámi grenndargróðurs ásamt því að hindra vatns- og vindrof mun Ístak í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir og sveitarfélög, bera á svæði með því að sá einæru grasfræi. Það lifir í eitt ár og myndar frjósaman jarðveg, sem eykur möguleika á að staðargróður komi inn á svæðið.


Við frágang skal leitast við að svæðið geti nýst sem áningastaður/útvistarsvæði, þar sem Skipsstígur og Árnastígur eru við námusvæðið. Svæðið er vinsælt göngusvæði. Einnig eru þarna gönguleiðir við Þórðarfell, sem er í næsta nágrenni.




**MYND 4** Yfirlitsmynd af námusvæðinu og staðsetning þversniða. Rauða lína sýnir útmörk efnistökkunnar. Hæðarlínur sýna hæð í landi efnistökkunnar eins og hún er í dag.



**MYND 5** Þversnið A0-A1 - Sniðið sýnir yfirborð Stapafellsnámu eins og það er núna, að efnistöku lokinni og eftir frágang.



**MYND 6** Þversnið B0-B1 –Sniðið sýnir yfirborð Stapafellsnámu eins og það er núna, að efnistöku lokinni og eftir frágang.



**MYND 7** Þversnið C0-C1 – Sniðið sýnir yfirborð Stapafellsnámu eins og það er núna, að efnistöku lokinni og eftir frágang.



## 5 SAMANTEKT Á HELSTU ATRIÐUM ÚR ÁLITI SKIPULAGSSTOFNUNAR

Skipulagsstofnun veitti álit þann 10. júlí 2017. Stofnunin segir í álitinu: „Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Ístaks sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.“

Framkvæmdasvæðið er á vatnsverndarsvæði, en í niðurstöðu um vatn í áliti Skipulagsstofnunar segir „Það er því afar brýnt að við námureksturinn verði allri starfsemi hagað þannig að hætta á því að mengunarefni á borð við olíu berist ekki í jarðlög. Jafnframt að til staðar sé viðbragðsáætlun um það hvernig skuli brugðist verði við ef mengunaróhöpp eiga sér stað. Gangi það eftir, telur Skipulagsstofnun að ekki sé líklegt að mengandi efni berist í grunnvatn.“

Í niðurstöðu stofnunarinnar um ásýnd og landslag segir: „Það er því niðurstaða Skipulagsstofnunar að samlegðaráhrif efnistökkunnar úr námunum tveimur [þ.e.a.s. námum Ístaks og Íslenskra aðalverktaka í Stapafelli] muni hafa talsvert neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins.“ Um mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í matsskýrslu segir „Skipulagsstofnun telur að slíkan frágang [þ.e.a.s. mótvægisáðgerðirnar] þurfi að skipuleggja frá byrjun og hefjast strax handa við að forma þau svæði sem ekki verða notuð frekar.“

Efnistökusvæðið er á jaðri náttúruminjasváðis. Í umfjöllun um náttúruminjar vísar Skipulagsstofnun til álits Umhverfisstofnunar og tekur undir það að „...neikvæð umhverfisáhrif á náttúruminjasváðinu að mestu leyti fram komin eftir áratuga efnisnám á svæðinu.“ Enn fremur segir að viðbótar efnisnám sem lagt er til „...muni hafa óveruleg áhrif á náttúruminjar.“

Í umfjöllun um jarðmyndanir vitnar Skipulagsstofnun til umsagnar Umhverfisstofnunar. Þar kemur fram að „Umhverfisstofnun telur jákvætt að varðveita svæði í námunni sem kunna að hafa fræðslugildi.“ og að „Stapafell eins og það líti út í dag eftir áratuga efnistöku hafi ekki mikið verndargildi sem jarðmyndun.“ Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um jarðmyndanir segir meðal annars að „Efnistaka Ístaks í Stapafelli mun hafa varanleg, óafturkræf neikvæð áhrif á þær jarðmyndanir sem verða fjarlægðar.“ Áhrifin eru metin talsvert neikvæð.

Varanleg og óafturkræf áhrif á landslag og jarðmyndanir eru helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar efnistöku Ístaks í Stapafelli að mati Skipulagsstofnunar.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði hefur ekki verið deiliskipulagt. Í umfjöllun um skipulag og leyfi kemur fram að „Skipulagsstofnun telur að leyfisveitingar til svo umfangsmikillar og langvarandi efnistöku þurfi að byggja á deiliskipulagi.“ Sótt er um framkvæmdaleyfi á grunni aðalskipulags Grindavíkur, niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum og framlögðum gögnum við umsókn um framkvæmdarleyfi.

## 6 MÓTVÆGISAÐGERÐIR OG SKILYRÐI

Í áliti Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum var vakin athygli á mikilvægi þess að til staðar sé viðbragðsáætlun um hvernig skuli brugðist við mengunaróhöppum á vatnsverndarsvæði. Afrit af

viðbragðsáætlun Ístaks vegna meðferðar eldsneytis og spilliefna fylgir umsókninni um framkvæmdaleyfi.

Fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum vegna ásýndar og landslags er lýst í matskýrslu. Skipulagsstofnun telur að mótvægisáðgerðir vegna ásýndar og landslags „þurfi að skipuleggja frá byrjun og hefjast strax handa við að forma þau svæði sem ekki verða notuð frekar“.

## **7 FYLGIGÖGN**

Til viðbótar við þessa greinargerð fylgja eftirtalin gögn með umsókninni um framkvæmdaleyfi.

- Matskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum.
- Álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum, dagsett 10. júlí 2017.
- Yfirlitskort í mkv.: 1:5000/1:800
- Viðbragðsáætlun vegna meðferðar á eldsneyti og spilliefnum.